



Píratar

Hönnunarstaðall

1. útgáfa – apríl 2016

Hönnunarstaðall Pírata

Skjal þetta inniheldur viðmiðunarreglur fyrir útlit á útgefnu efni Pírata.

Hugmyndin er að ásýnd Pírata sé stílhrein og samræmd út á við svo að efni sé auðþekkjandi og styrki skilaboð flokksins.

Einnig er hann hugsaður sem tímasparnaðartól fyrir Pírata þegar kemur að því að skapa kynningarefni.


Hafið samband við Fjölmiðlunarfélag Pírata (fjolmidlahopur@piratar.is) ef spurningar vakna.

Merki

Það verður að lofta vel um merkið þannig að það sé ekki þrengt að því.

Viðmiðið er að enginn texti eða brúnir fari nálægt merkinu í fjarlægð sem svarar 1/5 af þvermáli þess.

Reynt skal að að halda í svarta hringinn en ef það þarf að prenta merkið á svartan flöt, t.d. svartan boli, má sleppa hringnum. Ef þörf krefur má snúa litunum við eins og dæmi að neðan sýnir.



Nokkur dæmi um notkun



Píratar




Í reglum Reykjavíkurborgar um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög segir meðal annars: „Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.“

Með vísun í reglur Reykjavíkurborgar og grunnstefnu Pírata um



Nokkur dæmi um ranga notkun



Letur

Fyrirsagnaletur er Montserrat.

Fyrirsagnir á vef eru almennt 32px á 38px fæti.

Fleiri stærðir til viðmiðunar eru:

26px/32px 44px/54px

Meira rými er fyrir leik með fyrirsagnaletur. Stundum má skipta því út fyrir annað og verður leturgerðin þá einskonar myndskreyting. Það má líka fara frjállega með stærðirnar en þó innan marka reiknireglunnar sem er gefin hér að neðan. Einnig er hægt að nota fyrirsagnaletur fyrir lýsigögn og hliðartexta sem uppbrot á meginmálslettri.

Fallback, í þessari röð:

Helvetica, Arial, sans-serif (kerfisletur)

Tillaga að stærð í fyrirsagnalettri fyrir prent er 16pt/18pt.

Meginmálsletur er Merriweather.

Meginmál á vef á að vera 18px og á 32px fæti.

Fleiri stærðir til viðmiðunar eru:

12px/22px 18px/32px 22px/37px

Forðast ætti að nota aðrar stærðir en þetta.

Ef það þarf fleiri stærðir er hægt að nota reikniregluna

$$x * 1,2^y$$

þar sem x er grunnleturstærðin, y er fjöldi stærða frá grunnstærð. T.d. gefur $18 * 1,2^3 = 31,104$. Svo námundum við stærðina að næstu jöfnu tölu, 32.

Sama reglan er notuð til að ákvarða leturfót, en alltaf út frá grunnstærðinni.

Fallback, í þessari röð:

Georgia, Times New Roman, serif (kerfisletur)

Megimálsletur í prenti er 9pt/16pt. Í ritvinnsluforritum

þar sem er bara boðið upp á hlutfall er hægt að velja tölu á bilinu 1.7–2.0 í line height.

Dæmi um notkun

32px/38px Hvatning til skólastjórnenda í Reykjavík

18px/32px Í reglum Reykjavíkurborgar um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög segir meðal annars: „Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.“

Með vísun í reglur Reykjavíkurborgar og grunnstefnu Pírata um borgararéttindi og friðhelgi einkalífs hvetur stjórn Pírata í Reykjavík skóla og leikskóla til að fara ekki í kirkjuheimsóknir í desember, líkt og tíðkast hefur.

26px/32px Hvatning til skólastjórnenda í Reykjavík

18px/32px Í reglum Reykjavíkurborgar um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög segir meðal annars: „Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.“

Með vísun í reglur Reykjavíkurborgar og grunnstefnu Pírata um borgararéttindi og friðhelgi einkalífs hvetur stjórn Pírata í Reykjavík skóla og leikskóla til að fara ekki í kirkjuheimsóknir í desember, líkt og tíðkast hefur.

Litir


Grunnlitir Þírata eru tveir. Annars vegar svartur og hinsvegar fjólublár.

Svarti liturinn er aðalliturinn og ætti að nota sem víðast. Meginmálsletrið ætti alltaf að nota í svörtu nema um sé að ræða sérstakar áherslur eins og tengla og slíkt.


Fjólublái liturinn er áherslulitur og er notaður til að skapa mótvægi og fjölbreytni.

Hægt er að deyfa litina um 10–30%. Það ætti þó að fara sparlega í það.


Í bakgrunni er hvítur, eins ljós og hann getur orðið. Kynningarefni á pappír ætti að vera á mjög ljósum pappír.



#000000 R 0 G 0 B 0 C0% M0% Y0% K100%



#51297E R 81 G 41 B 126 C85% M98% Y7% K2%



#FFFFFF R 255 G 255 B 255 C0% M0% Y0% K0%